

Strandgatan á Patreksfirði var malbikuð af vegagerðinni fyrir nokkru síðan, í þeirri framkvæmd var ákveðið að malbika gangstéttar með götunni og eingöngu aðskilja gönguleið gangandi vegfarenda með málaðri línu. Sú aðgerð er að mati umsækjanda engan vegin nógu góð til að verja gangandi eða hjólandi vegfarendur gagnvart þeirri miklu umferð sem um þessa fínu götu fer.

Ef ekki verður brugðist við af hendi Vegagerðarinnar og bæjaryfirvalda, til að lagfæra legu gangstétta eða stíga þannig að lágmarks hindrun sé útbúin milli farartækja og gangandi/hjólandi er að mati undirritaðs, miklar líkur á að þar muni eiga sér stað slys á gangandi vegfarendum, að vísu þekkir heimafólk það, að fólk í gönguferð eftir götunni, hvort sem er ungt ástfangið þar með barnavagn, unglingar á hjólum eða virðulegir heldri borgarar bæjarins á kvöldgöngu eigi í hlut, þá vita þeir sem búa hér að bílarnir þurfa að víkja yfir á öfugan vegahelming til að gangandi vegfarendur séu úr hættu. Þetta er aftur á móti hætta sem sívaxandi fjöldi ferðamanna gerir sér ekki grein fyrir og virðast vera því vanir að til staðar séu gangstéttar sem gangandi vegfarendur innan þéttbýlis eigi að halda sig á. Vonast er eftir styrk frá vegagerinni til að gera gangstíg meðfram leikskóla og áfram að tengingu milli Aðalstrætis og Strandgötu, en þar eru að mati umsækjanda mest hætta á ferðum.

**Á árinu 2021 veitti vegagerðin sveitarfélaginu styrk til að fara í þá framkvæmd að gera gangstéttar ofan við Strandgötu með helmingamótframlagi til framkvæmda. Ekki tókst að fara í þá framkvæmd eins og til stóð en þó voru undirbúningsverk hafinn ásamt því að farið var í efniskaup eins og aðstæður leyfðu.**

Nú er aftur sótt um viðbótarstyrk til að halda áfram því verki sem hafið er

Kostnaður

Ca 7.250.000.-

Áætlaður kostnaður og önnur fjármögnun rétt er að benda á töliverða hækkun kostnaðar milli ára:

Lagfæring á landi og afrétting 1.500.000.-

Mót og uppsláttur 750.000.-

Niðurlögn á steypu 1.000.000.-

Steypa 4.000.000.-

**Óskað er eftir styrk frá vegagerð til þessa verks samtals 2.000.000.- en sveitarfélagið mun leggja fram herra hlutfall í ár, þar sem vegagerðin studdi upphaf þessa verks með styrk 2021 að upphæð ca. 1.700.000.-**

Önnur fjármögnun felst í verkumsjón og skipulagningu sem Vesturbyggð leggur til.



Geir Gestsson

Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

Vesturbyggðar